


MÁLTÆKNI FYRIR ÍSLENSKU 2018-2022 VERKÁÆTLUN

ÚTHEANDA Á BLAÐAMANNAFUNDI 19. JÚNÍ

Í skýrslu vinnuhóps um verkáætlun í máltækni er gerð grein fyrir nauðsynlegum innviðum fyrir íslenska máltækni. Fjögur forgangsverkefni eru skilgreind og fjallað um hvað þarf til svo hægt sé að vinna að nothæfum lausnum. Lagðar eru fram tillögur um hvernig hægt er að hvetja til nýsköpunar í máltækni og hvernig haga megi skipulagi fimm ára máltækniáætlunar.

„MÁLTÆKNIVISTKERFIÐ“



Myndin sýnir sambengi gagna og máltækniverkfera (bls. 29 í skýrslunni).

Innviðaverkefni

Unnið verði að uppbyggingu innviða (gagna og hugbúnaðar) fyrir fjórar opnar kjarnalausnir:

- Talgreinir
- Talgervill
- Þýðingarvél
- Málrýnir (stafsetningar- málfræði- og málfarsleiðréttingarforrit)

Nauðsynlegt er að allar kjarnalausnir verði opnar svo allir sem vilja þróa máltækni-lausrir fyrir íslensku geti samnýtt þau og farið beint í að þróa notendahugbúnað en þurfi ekki að sinna tímafrekum grunnrannsóknnum og grunnþróun.

Nýsköpun í máltækni


Markmiðið er að gera fólki kleift að nota íslensku í samskiptum sínum við hugbúnað og upplýsingakerfi. Því er ekki nóg að byggja upp þá nauðsynlegu innviði, sem gerð hefur verið grein fyrir, heldur er einnig mikilvægt að hvetja iðnaðinn til nýsköpunar í máltækni. Þannig eru innviðirnir nýttir í að leysa þá þörf sem er á að búa til stað fyrir íslenskuna í stafrænum heimi. Með góðum og viðtækum máltækniinnviðum skapast viðskiptatækifæri og möguleikar á spennandi tækni-lausrum. Það er mjög mikilvægt að þessi tækifæri verði nýtt til hins ítrasta.

Lagt er til að komið verði á hvatakerfi til nýsköpunar í máltækni með sérstökum tækniþróunarstærkjum til fyrirtækja og stofnana sem útfæra og smíða máltækni-lausrir. Hvatakerfið verður byggt á stærkjum sem koma til móts við fjárfestingu í nýsköpun í máltækni.

Skipulag

Mikilvægt er að samstarf stofnana, háskóla og atvinnulífs sé vel skilgreint. Við leggjum til að sett verði á fót miðstöð máltækniáætlunarinnar sem starfar á meðan á áætluninni stendur. Miðstöðinni er ætlað að auðvelda samvinnu og samskipti á öllum stigum áætlunarinnar. Þá verður skipað fagráð sem útfærir og skipuleggur verkefni áætlunarinnar á tímabilinu.

Auk þess að sinna verkefnastjórn og samskiptum innan máltækniáætlunar hefur miðstöð máltækniáætlunar fjölpætt hlutverk: að kynna möguleika máltækni fyrir fyrirtækjum og stofnunum sem gætu hagnýtt sér máltæknilausrir í sínum rekstri; að koma á samstarfi við erlend fyrirtæki sem þróa máltæknilausrir um að nota íslensku í þeim lausrum; að fylgjast með möguleikum á fjölþjóðlegu þróunarsamstarfi í máltækni og kanna möguleika á því að íslenska verði með í slíkum verkefnum; að kynna áætlunina og afurðir hennar á alþjóðlegum vettvangi.



Myndin sýnir tillögur um skipulag áætlunarinnar (bls. 163 í skýrslunni).